

Hitastigsmælingar, frávik og prófun mæla

Inngangur

Leiðbeiningar fyrir hitastigsmælingar eru til stuðnings [VLY-034](#) Innflutningur dýraafurða frá 3ju ríkjum. Lýst er framkvæmd mælinga, aðgerðum þegar hitastig mælist yfir mörkum og kvörðun/ prófun mæla. Hitastigsmælingar á vöru flokkast undir eftirlit með heilnæmi ([LBE-061](#)). Tilgangur eftirlits með hitastigi er athugun á því hvort hitaskilyrði séu í samræmi við kröfur vegna viðkomandi vara sem mælt er fyrir um í reglum þar um, m.a. til að ganga úr skugga um að engin frávik hafi átt sér stað meðan á flutningi stóð.

Skilgreiningar

Viðmiðunarhitastig í frosinni vöru er $-18\text{ }^{\circ}\text{C}$, en má þó fara í $-15\text{ }^{\circ}\text{C}$ í flutningi. Löndun telst vera flutningur og er því miðað við $-15\text{ }^{\circ}\text{C}$ við mælingar á bryggju og milli skipslestar og frystigeymslu.

Tæki og tól

- Stunguhitamælir (nákvæmni $\pm 0,5\text{ }^{\circ}\text{C}$ við $-20\text{ }^{\circ}\text{C}$ til $30\text{ }^{\circ}\text{C}$ og aflestrar $\pm 0,1\text{ }^{\circ}\text{C}$), sem er kvarðaður að lágmarki 1 sinni á ári. Svörunartími skal vera slíkur að munur milli upprunalegs aflestrar og aflestur í vöru náist a.m.k. 90% innan þriggja mínútna.
- Hitaskráningareyðublað ([EBL-084](#)).

Framkvæmd

Mæling er gerð skv. neðangreindum aðferðum. Beðið skal það lengi að neminn sýni stöðugt gildi, þá er lesið af mælinum og hitastigið skráð á hitaskráningareyðublað.

Aðferð 1. Mælt er milli kassaraða á bretti. Ef hitastig er utan viðmiðunarmarka skal mæla skv. aðferð 2.

Aðferð 2. Mælt er inn í kassa. Hitanema er stungið milli poka eða askja. Ef hitastig er utan viðmiðunarmarka skal mæla skv. aðferð 3.

Aðferð 3. Mælt er á a.m.k. 0,5 cm dýpi í vöru. Nota skal sótthreinsaðan bor til búa til hæfilega holu fyrir sótthreinsaðan hitanema til að mæla í vörunni. Þessi aðferð er einkum notuð við heilnæmiseftilit ([LBE-061](#)).

Bein löndun

Við beina löndun úr frystiskipum eru hitastigsmælingar gerðar reglulega, hvort sem frekara heilnæmiseftilit (vöruskoðun) er framkvæmt eða ekki.

Reglulegar mælingar.

- Í upphafi löndunar skal fá útprentun á hitastigi í frystilest.
- Síðan skal mæla og skrá niður hitastig í fyrstu 4 brettum sem er landað. Hitastig skal mælt í afurð við skipshlið eða við gámadyr ef bretti er keyrt beint að gámi.
- Hitastig skal mæla og skrá reglulega á 20 mínútna fresti í bretti, 1 - 2 mælingar í hvert sinn.

Fráviksmælingar við hækkandi hitastig.

- Hitastig skal mæla og skrá niður í hverju bretti, 3 mælingar, efst, í miðju og neðst .
- Ef hitastig í afurð fer upp fyrir $-15\text{ }^{\circ}\text{C}$ skal taka strax aðra mælingu. Ef sú mæling sýnir líka frávik skal stöðva löndun.
- Í þeim tilvikum sem borið hefur á staðbundnu, hækkuðu hitastigi og sú vara tekin frá í geymslu fyrir frávikavöru á landamærastöð ([LBE-030](#)) og áframhaldandi löndun leyfð, skal mæla og skrá a.m.k. 2 mælingar í hverju bretti, þar til löndun lýkur.

Aðgerðir við frávik.

- Eftirlitsmaður skal hafa samband við Inn- og útflutningsskrifstofu og ráðfæra sig við yfirmann um leið og hann biður um liðsauka vegna nánari könnunar á hitastigi í lest.
- Á meðan beðið er eftir liðsauka skal hafa samband við vaktstjóra og gera grein fyrir stöðu mála.

Möguleg uppskipting á sendingu vegna hitafalls.

- a) Athuga skal hvort hreinn aðskilnaður er mögulegur á þeirri vöru sem stóðst kröfur og á þeirri vöru þar sem hitafall varð fyrst vart.
- b) Fara skal um borð og kanna aðstæður á því svæði sem frávika varð vart.
- c) Hitastig skal mælt víðs vegar um lestina. Ef hitastig reynist í lagi fyrir utan þann stað þar sem löndunarmenn voru að störfum skal þetta mælingar í nágrenni við staðinn þar sem frávík komu í ljós.
- d) Leggja skal rökstutt mat á hvort um sé að ræða einangrað staðbundið tilvik. Ef svo er, skal afmarka frávikasvæðið og taka vöruna frá til geymslu fyrir frávíka vöru á landamæra stöð ([LBE-030](#)).

Höfnun vöru vegna hitafalls.

- a) Reynist ekki unnt að afmarka frávikasvæðið og finna gildar skýringar á hækkuðu hitastigi í afurð ber að hafna öllum farminum.
- b) Komi fram endurtekin hitastigsfrávík í sömu löndun ber almennt að hafna öllum farminum.
- c) Fylgja skal vinnulýsingu [VLY-039](#) Höfnun vöru.

Tilvísanir

Reglugerð 1044/2012 um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES.

Reglugerð 853/2004/EB sem innleidd var með reglugerð nr. 104/2010 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, VIII Þáttur: Lagarafurðir, VIII Kafli: Flutningur lagarafurða.

Reglugerð 557/1993 um hraðfryst matvæli.